

Nd.

294. Frumvarp

til laga um refagirðingar og útflutning refa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Bannað er að geyma refi öðruvísi en í fulltryggum girðingum. Í reglugerð, er atvinnumálaráðuneytið setur, skal setja ákvæði um tilhögun refagirðinga og rekstur refabúa.

Hreppstjórar skulu hafa eftirlit með, að refagirðingar sjeu hafðar svo öruggar sem reglugerð tilskilur.

2. gr.

Öll refabú skulu vera háð dýralækniseftirliti.

3. gr.

Eigi má flytja út refi nema frá þeim refabúum, sem starfað hafa ár- langt (12 mánuði) að minsta kosti, og þó því aðeins, að engin næm sýki hafi gengið á búinu síðastl. ár. Vottorð frá dýralækni um heilbrigði dýranna skal fylgja hverri sendingu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Svo virðist, sem með aukinni refarækt sje að myndast hjer nýr og arðsamur atvinnuvegur. Þykir því rjett, að settar sjeu reglur um refabú, þannig, að bæði sje hlynt að viðleitni brautryðjenda á þessu sviði, og að bændum

sje jafnframt trygt öryggi fyrir sauðfje sitt, ekki sist þar sem oft hefir komið fyrir áður, að refir hafa sloppið úr eldi. Er því sjálfsagt, að refagirðingar sjeu hafðar svo traustar og svo vel frá þeim gengið í alla staði, að slíkt geti ekki komið fyrir.

Þá virðist sjálfsagt, að slík bú sjeu undir eftirliti dýralækna, svo eigi sjeu flutt út sjúk eða svo ljeleg dýr, að það spilli fyrir framhaldandi sölu. Ennfremur virðist sjálfsagt að tryggja, svo sem auðið er, að arðurinn af þessari verslun renni til landsmanna sjálfra.